

Haraldur Birgir Haraldsson
Rangárþing ytra
Suðurlandsvegi 1-3
850 Hella

Garðabær, 20. desember 2023
Málsnúmer: 202311-0016
IAS

Efni: Búrfellslundur, vindorkuver í Rangárþingi ytra – tillaga að deiliskipulagi.

Vísað er í tölvupóst í gegnum skipulagsgátt sem barst 8. nóvember þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að deiliskipulagi fyrir Búrfellslund, vindorkuver.

Búrfellslundur er í orkunýtingarflokki sbr. þingsályktun nr. 24/152 um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða sem samþykkt var á Alþingi 15. júní 2022.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér tillöguna og gerir engar efnislegar athugasemdir við tillöguna en er með eftirfarandi ábendingar:

Í kortasjá Náttúrufræðistofnunar Íslands: Sérstök vernd náttúrufermbæra er framkvæmdasvæðið að hluta merkt sem gervígígasvæði. Svæðið er mikið raskað og ekki að sjá á loftmyndum að þar séu heillegir gervígígar. Fyrirhugaðar mótvægisáðgerðir á framkvæmdatíma eru m.a. eftirlit sem miðar að því að lágmarka allt jarðrask svo ef einhverjir heillegir gervígígar eru innan svæðisins þá er mælt til þess að þeim verði hlíf sé þess nokkur kostur. Einnig er stefnt að landgræðslu sem mótvægisáðgerðir vegna rasks á gróðri.

Þá kemur einnig fram í kafla um mótvægisáðgerðir að framkvæmdaraðili hyggst hafa samráð við Náttúrufræðistofnun Íslands vegna frekari rannsókna, vöktunar og mögulegra mótvægisáðgerða m.t.t. áhrifa á fuglalíf og er Náttúrufræðistofnun tilbúin til að taka þátt í því samráði. Sérstaklega mikilvægt er að vakta vel áflug fugla enda líklegt að Búrfellslundur verði fyrsta starfandi vindorkuverið á Íslandi með svo mörgum vindmyllum og mikilvægt að afla sér þekkingar um áhrif á fuglalíf sem geta nýst við ákvarðanatöku er varða áform um önnur vindorkuver.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur

